



Starfsreglur heiðursmerkjanefndar HSÍ

1. gr. Skipun

Heiðursmerkjanefnd HSÍ starfar samkvæmt lögum HSÍ. Nefndin skal skipuð a.m.k. 3 mönnum, sem stjórn HSÍ tilnefnir.

2. gr. Fundir

Nefndin skal koma saman þegar þurfa þykir en að jafnaði eigi sjaldnar en annan hvern mánuð. Formaður boðar til funda og stýrir þeim. Skrifstofa HSÍ annast útsendingu fundarboðs með dagskrá og heldur fundargerð sem hún sendir afrit af til nefndarmanna og framkvæmdastjóra HSÍ.

3. gr. Hlutverk og verkefni

Heiðursmerkjanefnd kemur með tillögur til stjórnar HSÍ um veitingu heiðursmerkja á vegum HSÍ. Nefndin skal sjá um að halda skrá yfir viðurkenningar á vegum HSÍ og skal hún birt á heimasíðu sambandsins.

4. gr. Önnur störf

Heiðursmerkjanefnd skal annast önnur þau störf, sem stjórn HSÍ kann að fela henni á hverjum tíma.

5. gr. Ágreiningsmál

Stjórn HSÍ sker úr öllum ágreiningsatriðum, sem kunna að rísa út frá reglum þessum.

6. gr. Gildistaka

Starfsreglur þessar taka þegar gildi.

Samþykkt af stjórn HSÍ 26.september 2016.